

Bland í poka

Á unglingsstigi var tekið ákvörðun að fara enn lengra með þróunarverkefnið „vinnum saman“ þar sem nemendur voru í smiðjuvinnu einu sinni í mánuði og vera með smiðjuvinnu fyrir allt unglingsstigið einu sinni í viku í þrjár klukkustundir fyrir hádegi. Nám og kennsla er skipulögð í teymisvinnu kennara og eru sérkennarar og alþjóðanámsverskennarar með í þessari teymisvinnu. Hvert teymi vinnur með ákveðið þema í einum árgangi í 3-5 vikur í senn. Notast er við mjög fjölbreyttar kennsluáferðir til þess að reyna að komast til móts við sem fjölbreyttastan hóp nemenda. Nafnið á þróunarverkefninu, Bland í poka eða BÍP, kemur frá nemendum en nemendur komu sjálfir með tillögur að nöfnum og kusu nafn á verkefnið að hausti 2019.

Almennt er skipulagið þannig að kennarar leggja inn ákveðið efni á ýmsa vegu, t.d. með hefðbundinni innlögnum, púslaðferðum, leikjum, myndbandi, samlestri eða á annan veg. Að innlögnum lokinni vinna nemendur fyrirfram ákveðinn fjölda skylduverkefna og svo í kjölfarið valverkefni. Öll verkefni eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum þeirra námsgreina sem samþættar eru hverju sinni en að auki hafa nemendur tækifæri til að tengja sjálfir hæfniviðmiðin við verkefnið sem þeir vilja efla hjá sjálfum sér ef þeir sjá færi til að sýna fram á hæfnina í gegnum verkefnið. Í allri BÍP vinnu reynir á lykilhæfni nemenda. Nemendur þurfa að vera skipulagðir, nýta margvíslega miðla í upplýsingaleit, úrvinnslu og miðlun. Einnig þurfa nemendur að vera skapandi í hugsun, sýna frumkvæði og áræðni. Síðast en ekki síst reynir á hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi, vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Í BÍP eru samþættar margar námsgreinar; íslenska, stærðfræði, samfélagsgreinar, tungumál, náttúrugreinar og upplýsingatækni, með áherslu á val. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir einstök verkefni heldur er lögð áhersla á að meta þau hæfniviðmið sem liggja fyrir hverju sinni, auk þeirra viðmiða sem nemandinn gæti hafa óskað eftir að kennari meti, í gegnum skyldu- og valverkefni. Námsmatid í BÍP birtist því á hæfnikortum nemenda í öllum viðkomandi námsgreinum hverju sinni og hefur því áhrif á heildarmat/lokamat á hæfni nemenda í hverri grein.

Markmið eru að:

- Efla samvinnu kennara.
- Auka val nemenda.
- Nemendur vinni einstaklingslega og í hóp að hæfnimiðunum verkefnum.
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti.
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna.
- Efla hæfnimiðað nám.
- Aukin einstaklingsmiðun.
- Betri nýting á sérfræðipækkingu sérkennara.
- Aukin samvinna nemenda.
- Aukin félagsfærni nemenda.
- Samábyrgð kennara á námi nemenda.
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska.
- Gagnrýni og endurmat.
- Samræmdara námsmat.